

Kæru nemendur

Mig langar að vekja athygli ykkar á jafnréttis- og samskiptaráðgjöfinni sem ykkur stendur til boða hérna í MH. Í stórum skóla getur ýmislegt komið upp en þá er mikilvægt að vita að þið eruð ekki ein á báti. Þið (og foreldrar ykkar) hafið alltaf þann kost að leita til mín.

Ég er hérna í húsinu fjóra virka daga í viku (mánudag, þriðjudag, fimmtudag, föstudag) frá 8:30-13:30. Þið getið bókað viðtal á vefsíðu MH, sent mér tölvupóst á karen@mh.is eða bara heilsað upp á mig - ég er staðsett í Fólkvangi (viðtalsherbergi sem er innst á sama gangi og námsráðgjafarnir eru staðsettir).

Á vefsíðunni má lesa meira um jafnréttis- og samskiptaráðgjöfina:

<https://www.mh.is/is/stodthjonusta/namsradgjof/verkefnastjori-jafnrettismala>

Þar stendur meðals annars: "Nemendur hafa kost á að leita til Karenar með tilkynningar í tengslum við ofbeldi, áreitni og óvelkomna hegðun í skólaumhverfinu. Hún fylgir þeim eftir í samráði við EKKO teymi skólans. Nemendur (og nemendaráð) eru einnig hvött til þess að heyra í Karen ef þau eru með vangaveltur eða spurningar sem tengjast málaflokknum. Dæmi um slíkt er: ráðgjöf um rétta notkun persónufornafna, ráðgjöf þegar skólafélagi kemur út úr skápnum, vangaveltur varðandi eigin kynhneigð eða kynvitund, aðstoð vegna örareitni (t.d. krefjandi skólafélaga eða kennara), ráðgjöf um samþykki og mörk í samskiptum og aðstoð vegna mismununar í skólaumhverfinu."

Listinn er ekki tæmandi :) Það má líka kíkja til þess eins að spjalla.

Hljýjar kveðjur,

Karen Ástu- og Kristjánsdóttir (hún)